

Frábær [leiklistarnámskeið](#) að hefjast í Laugarnesskóla

Hin stórkemmtilegu leiklistarnámskeið LEYNILEIKHÚSSINS eru að hefjast í skólanum. Leynileikhúsið býður upp á leiklistarnámskeið fyrir alla krakka. Það hefur margsannað sig að leiklistin eykur mjög samskiptahæfni, öryggi og að sjálfsögðu sköpunarkraft barna. Ekki má gleyma að ungu leikararnir hafa mjög gaman að leika allt milli himins og jarðar. Leynileikhúsið býður upp á námskeið fyrir börn í 2.-6. bekk í Laugarnesskóla.

Stundatafla Leynileikhússins í Laugarnesskóla

fimmtudagar – Hefst 9.febrúar

Kl 15.10-16.10 / 2.-3.bekkur

Kl 16.10-17.10 / 3-4.bekkur

Kl 17.10-18.10 / 5-6.bekkur

Kennarar : [Sefán Benedikt Vilelmsson og Aldís Davíðsdóttir](#)

Athugið að Leynileikhúsið býður uppá námskeið í fleiri skólum sem öllum er frjálst að sækja burtséð frá hvaða skóla þeir sækja sjálfir(sjá nánar á heimasíðu)

Nánar um námskeiðin:

Öll leiklistarnámskeið Leynileikhússins byggjast fyrst og fremst upp á mottóinu „LEIKGLEÐI“ sem þýðir að öll kennsla og sem fram fer í tímunum er á uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Með þetta mottó að leiðarljósi fara nemendur í grunnatriði leiklistar með hjálp leikja. Farið er yfir mikilvæg atriði eins og einbeitingu, það að gefa skýr skilaboð, hlustun, samvinnu og leiklistarsköpun.

Allir kennarar Leynileikhússins eru fagmenntaðir leikarar og/eða leikstjórar sem hafa góða reynslu af leiklistarkennslu. Hægt er að sjá meira um leikarana sem sjá um námskeiðin á heimasíðu okkar.

Fyrstu 10 vikur námskeiðsins fara fram í skólanum sjálfum og svo ljúkum við námskeiðinu í atvinnuleikhúsi með æfingu og sýningu í nóvember.

Sjá nánar á slóðinni: <http://www.leynileikhusid.is/>